

## TILSKIPUN RÁÐSINS 2000/27/EB

2002/EES/31/07

frá 2. maí 2000

## um breytingu á tilskipun 93/53/EBE um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum(\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,  
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,  
með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,  
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 93/53/EBE <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um að þegar í stað skuli fjarlægja allan fisk í sýktri eldisstöð, ef upp kemur meðal annars smitandi blóðleysi í laxi, til að varna því að þessi sjúkdómur breiðist út.
- 2) Í maí árið 1998 kom þessi sjúkdómur upp í Skotlandi og þar hefur smit greinst í fjölda stöðva eða grunur leikur þar á um smit.
- 3) Reynsla hefur leitt í ljós að þótt því sé dreift á tiltekið tímabil að fjarlægja fiskinn dregur það ekki úr líkum á því að takast megi að uppræta sjúkdóminn.
- 4) Við sérstakar aðstæður getur beiting ákvæða um bólusetningu verið ný aðferð við að ná tökum á smitandi blóðleysi í laxi og halda sjúkdómnum í skefjum komi hann upp. Í núgildandi löggjöf bandalagsins finnst engin heimild til slíks.
- 5) Æskilegt er að rannsaka til hlítar upptök smitandi blóðleysis í laxi, hugsanlega útbreiðslu sjúkdómsins og gagnkvæm áhrif milli alins og villts lax.
- 6) Af hálfu bandalagsins hafa ekki verið greiddar neinar bætur til laxeldisbænda þegar fyrirskipað er að fjarlægja allan fisk úr fiskeldisstöðvum samkvæmt tilskipun 93/53/EBE.
- 7) Samþykking skal þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru við framkvæmd tilskipunar 93/53/EBE í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(5)</sup>.
- 8) Að teknu tilliti til núverandi vísinda- og tækniþekkingar þykir rétt að breyta tilskipun 93/53/EBE til samræmis við framangreint.

- 9) Sökum þess hve málið er brýnt er óhjákvæmilegt að víkja frá því sex vikna tímabili sem tilgreint er í 3. lið I. hluta bókunar um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu í viðauka sem fylgir Amsterdam-sáttmálanum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Tilskipun 93/53/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar í a-lið 6. gr. komi eftirfarandi:

„—skal allur fiskur fjarlægður í samræmi við áætlun sem opinbera þjónustustofnunin lagði fram og framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 19. gr.“

2. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Banna skal bólusetningu gegn sjúkdómum í skrá II á viðurkenndum svæðum, í viðurkenndum eldisstöðvum sem eru á svæðum, sem hafa ekki verið viðurkennd, eða á svæðum eða í eldisstöðvum, þar sem málsmeðferð fyrir viðurkenningu, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE, hefur þegar verið samþykkt, og gegn sjúkdómum í skrá I.

Ef sjúkdómar í skrá I koma upp má þó heimila bólusetningu gegn þeim, að því tilskildu að tilhögun við bólusetninguna sé tilgreind í samþykktum viðbúnaðar-áætlunum í samræmi við 15. gr. og tillit sé tekið til viðmiðananna sem settar eru fram í viðauka E.“

3. Ný grein bætist við:

„18. gr. a

Samþykking skal þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru við framkvæmd þessarar tilskipunar, að því er varðar ráðstafanirnar sem um getur í þeim greinum sem taldar eru upp hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr.:

2. mgr. 5. gr.,

6. gr.,

1. og 2. mgr. 10. gr.,

12. gr.,

15. gr.,

16. gr.,

öðrum undirlið 18. gr.“

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjrtf. EB L 114, 13.5.2000, bls. 28, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2001 frá 23. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 11.

<sup>(1)</sup> Stjrtf. EB C 342, 30.11.1999, bls. 42.

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 2. mars 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjrtf. EB C 51, 23.2.2000, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjrtf. EB L 175, 19.7.1993, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Stjrtf. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

4. Eftirfarandi komi í stað 19. gr.:

„19. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE (1), hér á eftir kölluð nefndin.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda.

Tímabilið, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjórið. EB L 255, 18.10.1968, bls. 23.“

5. Viðauki E við þessa tilskipun bætist við.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 31. desember 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum eigi síðar en 1. janúar 2001.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega.

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. maí 2000.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. COELHO

*forseti.*

VIÐAUKI

“VIÐAUKI E

#### VIÐMIÐANIR VEGNA ÁÆTLANA UM BÓLUSETNINGU

Í áætlunum um bólusetningar skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Eðli þess sjúkdóms sem verður til þess að beiðni kemur fram um bólusetningu.
2. Upplýsingar um strand- og meginlandssvæði, staði og eldisstöðvar þar sem bólusetning getur farið fram: ekki má undir neinum kringumstæðum bólusetja utan marka sýkta svæðisins eða, ef nauðsyn krefur, sóttvarnabeltisins sem skilgreint hefur verið umhverfis sýkta svæðið.
3. Nákvæmar upplýsingar um bóluefnið sem nota skal, þar á meðal um þá tegund eða tegundir bóluefnis sem kunna að verða notaðar.
4. Nákvæmar upplýsingar um notkunarskilyrði, tíðni bólusetningar og þær takmarkanir sem gilda um notkun bóluefnisins (hvaða fiskur, hvaða kvíar o.s.frv.).
5. Viðmiðanir um stöðvun bólusetningar.
6. Samþykking skal ákvæði sem tryggja að skrá sé haldin yfir allar bólusetningar (dagsetningar, staði og eldisstöðvar þar sem bólusetning hefur farið fram, skilgreiningar sóttvarnasvæða o.s.frv.).
7. Ráðstafanir skulu gerðar til þess að halda hreyfingu fiskisins innan bólusetningarsvæðisins í lágmarki til að tryggja að fiskurinn fari ekki af því svæði öðruvísi en þegar honum er slátrað til mannelis eða til eyðingar ef nauðsyn krefur.
8. Hvers kyns önnur ákvæði sem eru nauðsynleg vegna bólusetningar.“